



Réttlát umskipti í íslensku samhengi

**33. þing Landssambands íslenskra
verzlunarmanna**

Auður Alfa Ólafsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis- og neytendamálum hjá ASÍ



Réttlát umskipti í hnotskurn

Hámarka efnahagslegan,
samfélagslegan og
umhverfislegan
ávinning af loftslags- og
tæknibreytingum

OG

lágmarka neikvæð
áhrif á almenning
og launafólk

Hvers konar réttlæti?

- **Málsmeðferðarréttlæti (e. procedural justice):** Ekkert um okkar án okkar!
- **Dreifingarréttlæti (e. distributive justice):** Að deila kostnaði og ávinningi af umskiptum á réttlátan og sanngjarnan hátt.
- **Viðurkenningarréttlæti (e. recognition justice):** Að viðurkenna ójöfnuð og óréttlæti núverandi samfélagsmyndar og að breytingarnar geti ýtt undir frekari ójöfnuð.
- **Endurreisnarréttlæti (e. restorative justice):** Að bæta úr því tjóni sem fyrri og núverandi ójöfnuður hefur leitt af sér og að komið sé í veg fyrir frekara tjón fyrir framtíðarkynslóðir.

Hvað felst í réttlátum umskiptum

Að þeim tækifærum og byrðum sem felast í samfélagsbreytingum vegna loftslags- og tæknibreytinga verði dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti



- Breytingarnar framundan skapa tækifæri til að endurhugsa og endurskilgreina samfélagsgerðina.
- Réttlát umskipti vinna gegn núverandi félagslegu og efnahagslegu misrétti og skapa tækifæri til að ná félagslegum markmiðum.

A woman with curly hair, wearing a purple top and a light blue patterned face mask, is holding a black pole that supports a large, light blue sign. The sign has the words "JUST TRANSITION NOW" written in bold, black, hand-drawn capital letters. The background is a blurred outdoor setting with other people and buildings, suggesting a public demonstration or protest.

JUST TRANSITION NOW

Birtingarmyndir ójöfnuðar í tengslum við loftslagsbreytingar



- Tilurð loftslagsbreytinga
- Loftslagsbreytingarnar sjálfar eða áhrif þeirra
- Aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum
- Aðlögun að loftslagsbreytingum

Tæknibreytingar og réttlát umskipti

Tækniþróun getur hraðað umskiptunum og haft jákvæð áhrif, aukin skilvirkni og framleiðni

Hvert fer ávinningurinn?

Geta skapað og ýtt undir aukinn ójöfnuð og veikt samningsstöðu launafólks


Áhrif loftslagsbreytinga á vinnumarkað

- Óljóst með áhrif loftslagsbreytinga á atvinnuvegi á Íslandi
- Engar kolanámur sem þarf að loka
- Störf sem byggja á nýtingu náttúruauðlinda og vistkerfa í mestri hættu
- Tækniþróun og fjórða iðnbyltingin enn sem komið er stærri áhrifaþáttur á þróun starfa á Íslandi en Loftslagsbreytingar



Áhrif loftslagsbreytinga á vinnumarkað

Atvinnugrein	Losun 2020	Losun 2018
C24 - Framleiðsla málma	33,5%	24,5%
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	19,7%	14,5%
H - Flutningar og geymsla (flug að mestu)	19,6%	40,1%
E - Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	3,3%	3,5%
F - Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	2,6%	2,5%
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur	2,5%	2,2%
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækj	1,3%	1,4%
Samtals fyrir heimili	11,3%	8,1%

 **79,1%**

Áhrif loftslagsbreytinga á vinnumarkað



- Atvinnustefna mikilvægt tól í baráttunni við loftslagsbreytingar
- Atvinnustefna ekki til staðar í dag né menntastefna sem tekur mið af henni
- Umskipti yfir í kolefnishlutlaust hagkerfi getur leitt til starfajölgunar
- Ekki nóg að störf séu græn – verða að vera góð líka!

Áhrif loftslagsbreytinga á vinnumarkað

Réttlát umskipti á vinnumarkaði

- Sí- og endurmenntun
- Afkomutrygging
- Velferðarbætur
- Snemmbúin starfslok
- Enduruppbygging starfa

Ávinningur af breytingunum skili sér til þjóðfélagsins!

Sjávarútvegur

Ofanflóðasjóður kaupi frystihúsið á Seyðisfirði og andvirðið nýtist á staðnum

Síldarvinnslan hefur frestað að loka frystihúsinu á Seyðisfirði fram á vor til að gefa starfsfólki tíma til að finna aðra vinnu. Þá kemur til greina að fyrirtækið gefi andvirði frystihússins til atvinnuuppbyggingar.

Rúnar Snær Reynisson
17. október 2023 kl. 18:07



Aðgerðir íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum



- Loftslagsbreytingar eru dæmi um neikvæð ytri áhrif (e. negative externalities)
- Afleiðing af því efnahagskerfi og þjóðskipulagi sem er við lýði í dag
- Stjórnvöld geta beitt margvíslegum stjórnþækjum til að bregðast við vandanum

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

Hvaða stjórnæki eru best til þess fallin að taka á vandanum?

Við val á stjórnækjum þarf að huga að:


- Skilvirkni
- Réttlæti, jöfnuði
- Hagkvæmni
- Ofl..



LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA INNAN HAGKERFIS ÍSLANDS*


2021

* Stærstu uppsprettur
Heimild: Hagstofa Íslands, UMH31118



LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA Á BEINA ÁBYRÐ ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA 2021

Heimild: Umhverfisstofnun, losunartölur



Aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

- 50 aðgerðir
- Megináhersla á orkuskipti og vegasamgöngur
- Áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum birtast í:
 - Því fjármagni sem varið er í loftslagsaðgerðir
 - Fjölda aðgerða tengdum samgöngum í aðgerðaráætluninni



Júní 2020

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030




Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Samgöngur og loftslagsmál

Samgöngur eru *grunnþjónusta*

Samgöngur eru annar stærsti útgjaldaliður heimila á eftir húsnæði

Stór losunarpáttur gróðurhúsalofttegunda hér á landi (og annars staðar!)



Samgöngufátækt

Samgöngufátækt

- Erfiðleikar við að uppfylla ferðaparfir
- Hafa ekki aðgengi að bíl
- Lélegar almenningssamgöngur
- Langur tími sem fer í að komast milli staða

Áhrifabættir

- Hár samgöngukostnaður, hátt bensínverð
- Orkuskipti
- Dýrar eða lélegar almenningssamgöngur (og aðrir ferðamátar)




Samspil ójöfnuðar og samgangna

Vítahringur samgöngufátæktar

- Afkoma hefur áhrif á aðgengi að samgöngum
- Aðgengi að samgöngum hefur síðan áhrif á tækifæri
- Sem hefur síðan áhrif á afkomu (t.d. möguleika til tekjuöflunar)

Hár kostnaður í samgöngur minnkar svigrúm til útgjalda í annað...



Loftslagsaðgerðir í samgöngum

Hærri skattar og gjöld - kolefnisskattar ofl.

- Bitna á tekjulægri hópum
- Eiga að hafa áhrif á hegðun

Niðurfelling á vsk vegna kaupa á rafbílum

- 27 milljarðar á 10 árum
- Óhagkvæm aðgerð sem gagnast hærri tekjuhópum
- Óskilvirk til að draga úr mengun

Almenningssamgöngur - Borgarlína

- Uppbygging ekki hafin...
- Dregið úr þjónustu strætó, verðskrárhækkanir

Gulu vestin

- Hörð mótmæli og óeirðir í Frakklandi árið 2018.
- Brutust út eftir að skattar á bensín voru hækkaðir
- Á sama tíma áætluðu stjórnvöld að losa um vinnulöggjöfina, draga úr réttindum launafólks og hækka auðlegðarskatta.
- Hætt við aðgerðirnar og ráðist í réttlátari aðgerðir í kjölfarið af mótmælunum.



Loftslagsaðgerðir í atvinnulífi

- Sjávarútvegur= Skattaávilnanir, undanþágur, opinber stuðningur við rannsóknir og þróun
- Landbúnaður = ráðgjöf og fræðsla.. Ofi.
- Álver... ETS kerfið og skattheimta í lágmarki
- Bílaleigur= milljarður í niðurgreiðslur á rafbílum



GREIÐENDUR
UMHVERFISSKATTA
2020

59%



Heimili

38%



Samtals fyrir atvinnugreinar

3%



Erlendir aðilar

Skilvirkni, réttlæti og sanngirni?

- Loftslagsaðgerðir íslenskra stjórnvalda auka ójöfnuð
- Gulrótum otað að atvinnulífinu en prikið notað á almenning (e. carrots and sticks)
- Hver borgar reikninginn?
- Hvert fara fjárfestingarnar og hverjum gagnast þær?



Hvernig gæti þetta litið út?

- Samráð við almenning og fulltrúa launafólks
- Réttlátari fjármögnun aðgerða
- Meiri áhersla á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá stórum atvinnuvegum Styrkjum, undanþágum á vsk beint til tekjulægri
- Atvinnustefna sem tekur mið af loftslagsmálum
- Fjölgun góðra grænna starfa
- Stuðningur við sí- og endurmenntun
- Stuðningur við tekjulægri vegna orkuskipta
- Hraðari uppbygging almenningssamgangna
- Stytting vinnuvikunnar

